



Samstarfssamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Golfklúbbs Selfoss

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, hér eftir nefnt Árborg og Golfklúbbur Selfoss, kt. 681174-0369, hér eftir nefnt GOS gera með sér eftirfarandi samstarfssamning:

1.gr.

GOS tekur að sér að sjá um framkvæmdir við stækkun Svarfhólsvallar á Selfossi upp í 18 holu golfvöll í samræmi við kynningaráætlun sem fylgir samningi þessum (fylgiskjal 1). Um er að ræða stækkun á golfvelli um níu holur ásamt göngustígum og umhverfi sem mun um leið nýtast sem útivistarsvæði fyrir íbúa og gesti á svæðinu.

Markmið uppbyggingarinnar er að byggja upp glæsilegan 18 holu golfvöll sem geti tekið við stærstu mótum landsins ásamt því að umhverfi hans sé til fyrirmyndar og nýtist íbúum og gestum sem almennt afþreyingar og útivistarsvæði.

2.gr.

Árborg greiðir árlegt framlag til uppbyggingarinnar að upphæð 15 milljónir króna til næstu 10 ára. Greiðslunni er ætlað að tryggja árlegar afborganir af framkvæmdaláni sem GOS fær til verksins. Greiðslan er greidd inn á reikning GOS 1.apríl ár hvert og reiknast árlega miðað við vísitölu neysluverðs 1.október ár hvert, fyrir árið á eftir. Gunnvísitala er 493,4.

3.gr.

Samningur þessi gildir til 10 ára frá undirritun eða út árið 2030.

4.gr.

Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjölum hans getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefnir einn mann í dóminn en sýslumaðurinn á Selfossi tilnefnir oddamann. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Selfossi, xx.apríl 2021.

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar
Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

F.h. Golfklúbbs Selfoss

Gísli H. Halldórsson,
bæjarstjóri Sv. Árborgar

Páll Sveinsson,
formaður Golfklúbbs Selfoss

Vottar
